

Bæjarstjórn Blönduósbæjar
32. FUNDUR – 13. janúar 2009

Bæjarstjórn Blönduóssbæjar kom saman til 32. fundar þriðjudaginn 13. janúar 2009 kl. 17:00 að Hnjúkabyggð 33. Forseti bæjarstjórnar, Valgarður Hilmarsson setti fundinn og stjórnáði honum. Stefanía ritaði fundargerð. Mæting samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

1. *Fjárhagsáætlun 2009 – fyrirtæki og stofnanir – seinni umræða*
2. *Fundargerðir:*
 - a. *Bæjarráð frá 18. desember 2008*
 - b. *Bæjarráð frá 7. janúar 2008*
 - c. *Menningar- og fegrunarnefnd frá 5. desember 2008*
 - d. *Nefndar um Staðardagskrá 21 frá 18. desember 2008*
 - e. *Stjórnar BS. um menningu- og atvinnumál frá 2. desember 2008*
 - f. *Stjórnar BS. um Félags- og skólaþjónusta A-Hún frá 9. janúar 2008*
 - g. *Framkvæmdahópur um byggingu sundlaugar frá 11. desember 2008*

Afgreiðslur:

1. *Fjárhagsáætlun 2009 – fyrirtæki og stofnanir – seinni umræða*

Fjármálastjóri bæjarins er mætt til fundarins. Bæjarstjóri fór yfir framlagða fjárhagsáætlun og þær breytingar sem orðið hafa á henni og svöruðu bæjarstjóri og fjármálastjóri fram komnum spurningum.

Því næst bar forseti fjárhagsáætlun fyrir árið 2009 undir atkvæði og var hún samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.

Forseti þakkaði bæjarfulltrúum svo og fjármálastjóra fyrir góða vinnu og samstöðu við gerð hennar.

Fjármálastjóri yfirgaf að því loknu fundinn.
2. *Fundargerðir:*
 - a. *Bæjarráð frá 18. desember 2008*

Kynnt og rædd, talsverðar umræður urðu um fundargerðina og að þeim loknum var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.
 - b. *Bæjarráð frá 7. janúar 2008*

Kynnt og rædd. Fram var lögð eftirfarandi bókun varðandi 13. lið. „Bæjarstjórn Blönduóss ítrekar bókun bæjarráðs frá 7. janúar um beiðni sveitarfélagsins um að taka að sér rekstur Heilbrigðisstofnunarinnar á Blönduósi. Bæjarstjórn ákveður að mynda vinnuhóp sem undirbýr samningagerð og yfirtökuna. Eftirtaldir aðilar sitji í hópnum Arnar Þór Sævarsson bæjarstjóri, Kári Kárason bæjarfulltrúi og Jóna Fanney Friðriksdóttir bæjarfulltrúi“. Bókunin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum. Fundargerðin síðan borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.
 - c. *Menningar- og fegrunarnefnd frá 5. desember 2008*

Kynnt og rædd, að umræðum loknum var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

d. Nefndar um Staðardagskrá 21 frá 18. desember 2008

Kynnt og rædd, fundargerðin gefur ekki tilefni til ályktana.

e. Stjórnar BS. um menningu- og atvinnumál frá 2. desember 2008

Lögð fram til kynningar. Bæjarstjórn samþykkir að vísa umræðu um fjárhagsáætlanir byggðasamlaga til frekari umræðu í bæjarráði.

f. Stjórnar BS. um Félags- og skólaþjónusta A-Hún frá 9. janúar 2008

Lögð fram til kynningar

g. Framkvæmdahópur um byggingu sundlaugar frá 11. desember 2008

Kynnt og rædd, að umræðum loknum var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 19:30

Valgarður Hilmarsson (sign.)

Stefanía A. Garðarsdóttir (sign)

Héðinn sigurðsson (sign)

Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)

Zophonías Ari Lárusson (sign.)

Sigurlaug Markúsdóttir (sign)

Valdimar Guðmannsson (sign.)

Kári Kárason (sign.)